

Athugasemdir frá Reitum hf. vegna frumvarps til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. 787. mál.

1. Að liður H1 taki ekki til fyrirtækjasamstæða á Íslandi. Til eru fordæmi um slíkt í skattalögum en reglur um skjölun vegna ákvörðunar verðlagningar milli tengdra aðila gilda ekki um viðskipti milli tengdra lögaðila þegar allir aðilar eru heimilisfastir hér á landi. Í allri umfjöllun um reglur um þunna eiginfjármögnun er útgangspunkturinn sá að tryggja þurfi að eðlilegur hluti hagnaðar fjölbjóða fyrirtækja sem hafa starfsemi í landinu komi til skattlagningar hér og því eðlilegt að takmörkunin gildi eingöngu vegna lánsviðskipta tengdra aðila á milli landa. Mörg félög kjósa af ýmsum rekstrarlegum ástæðum að skipta starfsemi sinni í fleiri en eitt félag. Með heimildarákvæðum laga um samsköttun er einmitt verið að taka á þessari stöðu og geta samstæður því í skattalegu tillit verið sem eitt félag. Það er því eðlilegt að sú sýn gildi einnig um þennan hluta skattareglanna.
2. (til vara) Að liður H1 taki ekki til fyrirtækja sem eru samsköttuð eða uppfylla skilyrði um samsköttun. Í umsögn KPMG er lagt til að takmörkun á vaxtafrádrætti eigi ekki við um samskattaða aðila. Heppilegt væri að við bættist að takmörkunin ætti ekki heldur við um aðila sem uppfylla skilyrði um samsköttun þó svo heimildarákvæðin séu ekki nýtt.
3. (til þrautarvara) Að viðmið í lið H1 um frádráttarbærni vaxtagjalda miðist ekki við 25% af hagnaði því það form rekstrar er langt frá því að henta öllum fyrirtækjum.
 - a. Í dæmaskyni er hægt að nefna Reiti I ehf. (stærsta dótturfélag Reita fasteignafélags hf.). Í ársbyrjun 2015 námu eignir félagsins 48 milljörðum króna og var eiginfjárlutfall félagsins 24%. Nær allar skuldir félagsins voru við móðurfélag þess vegna umgjörðar í lánamálum þar sem móðurfélagið fær lán gegn tryggingu í eignum allra dótturfélaga og getur endurlánað dótturfélögum á hagstæðari kjörum en þau myndu ella sækja ein og sér. Lánin námu 33,7 milljörðum króna og þar af voru lán frá móðurfélagi 33,1 milljarður króna.

Á árinu 2015 námu tekjur félagsins um 4,1 milljarði og EBITDA eins og hún er skilgreind í frumvarpinu um 2,9 milljörðum. Vaxtagjöld (að stærstum hluta til móðurfélags) námu tæpum 1,4 milljarði og verðbætur námu rúmum 660 milljónum (að stærstum hluta vegna lána við móðurfélag). Hagnaður fyrir skatta nam rúmum milljarði og hagnaður eftir skatta um 800 milljónum. Miðað við 25% EBITDA hagnaðar þá væri hægt að draga 725 m.kr. vaxtagjöld frá í skattskilum eða rétt rúmlega þriðjung heildarvaxtagreiðslna (vextir og verðbætur) til móðurfélagsins.

Þetta er dæmi um félag þar sem seint væri hægt að segja að eiginfjármögnun þess væri sérstaklega þunn en samhengi tiltölulega smás rekstrarreiknings í samhengi við stóran efnahagsreikning eru með þeim hætti að viðmiðin sem notast er við eru skökk.